



# HLK1A02 – Hljóð I

Námsáætlun, haustönn 2022

<b>Kennari/kennarar:</b> Curver Thoroddsen	<b>Netfang/netföng:</b> curver.thoroddsen@borgo.is
---	---

## Lýsing:

Áfanginn er annar af tveimur stuttum hljóðvinnsluáföngum sem kenndir eru á fyrsta árinu á kvikmyndasviði. Þeir eru hugsaðir sem hagnýtir inngangs- og þjálfunaráfangar í hljóðvinnslu tengdri kvikmyndagerð.

**Hljóð I** er fyrsti hljóðáfanginn og hannaður sem einfaldur tækniáfangi til að kynna helstu grunnatriði góðrar hljóðupptöku og hljóðvinnslu fyrir nemandanum ásamt því að auka meðvitund nemandans um mikilvægi hljóðs í kvikmyndagerð.

Í þessum stutta tveggja eininga áfanga er ekki tími til að fara djúpt í tækniútskýringar, hljóðeðlisfræði eða faghugtök heldur munu stærrí fimm eininga áfangar á öðru ári fjalla ýtarlega um það sem liggur að baki góðrar hljóðvinnslu og listrænni nálgun í hljóðhönnun. Þessi þjálfunaráfangi er í anda „lært með að gera“ hugmyndafræði John Dewey og er því byggður upp á stuttum og fjölbreyttum æfingum til að gefa nemendum reynslu og „verkfæri“ til að bæta hljóðið í kvikmyndum sínum til muna.

Hluti af áfanganum er nýttur sem einskonar stuðningsflötur í hljóðvinnslu fyrir tvo kvikmyndaáfanga sem eru í gangi á sama tíma, **Kvikmyndagerð I - Grunnur** (KVI1A05) og **Hreyfifrátt í kvikmyndum** (HGK1A05).

## Þekking, leikni, hæfni:

### ÞEKKING

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu, færni og skilning á:

- *Hvað hljóð er mikilvægur þáttur í kvikmyndagerð*
- *hvað telst gott hljóð í kvikmyndagerð og hvernig sé hægt að ná því fram*
- *samspili hljóðs og myndar í kvikmynda- og hreyfimyndagerð*

### LEIKNI

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- *vinna með hljóð í vídeóklippiforriti (Adobe Premiere)*
- *nota og ná í hljóðbúta af hljóðveitum eins og freesound.org, soundbible.com o.fl.*
- *tengja hljóð og mynd*
- *hanna hljóðrás við hreyfimyndir*
- *vinna á sjálfstæðan, ábyrgan og skapandi hátt undir leiðsögn*

### HÆFNI

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- *vinna með hljóð í kvikmynd svo að það sé á ásættanlegum gæðastandard.*
- *nota hljóðhönnun og áhrifshljóð til að ýta undir og styrkja frásögn myndarinnar.*
- *tengja saman hljóðheim og myndmál svo úr verði áhrifarík heild.*
- *ganga frá hljóðrás kvikmyndar þannig að hún standist gæðakröfur samtímans.*

### Námsmat:

- 1% Tölvugrunnverkefni 1 – Að tengjast
- 1% Tölvugrunnverkefni 2 – OneDrive í mismunandi tölvum
- 1% Tölvugrunnverkefni 3 – Endurskýra og skila á Innu
- 5% 1. Freesound (Hljóðsaga með 11 hljóðum)
- 5% 2. Save a Copy + myndskreyting (á hljóðsögunni)
- 10% 3. Hljóðsetning á fundnu myndefni (Prelinger Archives)
- 10% 4. Hljóð fyrir verkefni í Hreyfigrafík (samvinna með HGK1A05)
- 10% 5. Hreinsun á hljóði (Werner Herzog á RIFF)
- 10% 6. Splitta stereo fæl í tvo mono fæla (Konfekt)
- 10% 7. Hljóðstyrkur á tali í kvikmyndum
- 10% 8. Hljóðmix á stuttmynd (samvinna með KVI1A05)
- 7% 9. Hreinsun á hljóði (Sjón les upp ljóð í Stundinni okkar)
- 5% 10. Hljóðstyrkur fyrir Youtube (lokamynd í KVI1A05)
- 15% Virkni, viðvera og vinnubrögð (raunmæting og símat)

**100% SAMTALS**

### Námsgögn:

Mikilvægt er að nemendur mæti með sín **eigin heyrnartól** svo þeir geti unnið í tímaverkefnum. Innlagnir kennarans eru í kennslustundunum því er mikilvægt er að nemendur mæti í alla tíma enda er aðallega um verklega kennslu að ræða.

### Aðrar mikilvægar upplýsingar:

**Skólasókn:** Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og mæta stundvíslega til kennslu.

**Seinkomur og fjarvistir:** Komi nemandi of seint í kennslustund er skráð seinkoma. Tvær seinkomur jafngilda einni fjarvist. Ef liðnar eru meira en 10 mínútur af kennslustund er skráð fjarvist.

**Lágmarkseinkunn** í áfanganum er 5.

**Farsímar:** Ekki er leyfilegt að nota eða hafa farsíma/spjaldtölvur uppi við í kennslustundum nema með leyfi.

**Nota heyrnartól** og virða vinnufrið samnemanda.

**Neysla matar** í kennslustofunni er óheimil en leyfilegt er að vera með vatn í lokuðum ílátum.

**Verkefnaskil:** Mikilvægt er að skila verkefnum á réttum tíma.

**Umhengni:** Nemendur eru ábyrgir fyrir að skilja við kennslustofuna í sama ástandi og hún var þegar kennslustundin hófst.

**Áætlun um kennslu á önninni gæti breyst með litlum fyrirvara.**

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
33	18. ágúst		<i>Nýnemadagur</i>
34	21.-25. ágúst		
35	28.ágúst -1. sept.		
36	4.-8. sept.		
37	11.-15. sept.	Fyrsti tíminn – kynning og stutt tölvugrunnverkefni	Tölvugrunnverkefni
38	18.-22. sept.	Verkefni 1 - Hljóðsaga með 11 hljóðum	
39	25.-29. sept.	Verkefni 1 - Hljóðsaga með 11 hljóðum	Verkefni 1
40	2.-6. okt.	Verkefni 2 – Myndskreyting á Hljóðsögu	Verkefni 2
41	9.-13. okt.	<i>Horft á Hljóðmyndina (verkefni 1+2) - Prelinger Archives</i>	Verkefni 3 <i>Vörðuvika</i>
42	16.-20. okt	Hljóðsetning á fundnu myndefni (Prelinger Archives)	Verkefni 4
43	23.-25. okt.	<i>Hljóð fyrir verkefni í Hreyfigrafík (samvinna með HGK1A05)</i>	Verkefni 5
44	30. okt. - 3. nóv.	Hreinsun á hljóði (Werner Herzog á RIFF)	Verkefni 6
45	6.-10. nóv.	Ekki kennsla - undirbúningur seinni vörðuviku	<i>Undirb./úrv. Vörðuvika II.</i>
46	13.-17. nóv.	Splitta stereo fæl í tvo mono fæla (Konfekt)	Verkefni 7
47	20.-24. nóv.	Hljóðstyrkur á tali í stuttmynd (Loot)	Verkefni 8
48	27. nóv. - 1. des.	<i>Hljóðmix á stuttmynd (samvinna með KVI1A05)</i>	Verkefni 9
49	4.-8. des	Hreinsun á hljóði (Sjón les upp ljóð í Stundinni okkar)	Verkefni 10
50	11.-13. des	Hljóðstyrkur á lokamynd fyrir Youtube	<i>Síðasti kennsludagur</i>

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*